



ÁRSSKÝRSLA 2006

Ríkisendurskoðun

Ársskýrsla 2006



Mars 2007

Ársskýrsla 2006

© Ríkisendurskoðun 2007

Umsjón: Þórir Óskarsson

Ljósmyndir: Kristín Bogadóttir nema myndir á bls. 15
(Lárus Karl Ingason) og bls. 6 og 32 (Þórir Óskarsson)

Prentun: Prentsmiðjan Viðey ehf.

FORMÁLI RÍKISENDURSKOÐANDA	5
HLUTVERK OG MARKMIÐ	7
STARFSEMIN ÁRIÐ 2006	9
FJÁRHAGSENDURSKOÐUN.....	10
INNRA EFTIRLIT.....	11
ENDURSKOÐUN UPPLÝSINGAKERFA.....	11
STJÓRNSÝSLUENDURSKOÐUN.....	12
LAGA- OG UMHVERFISSVIÐ.....	13
STARFSFÓLK.....	13
FJÁRHAGUR OG ÚTGJÖLD.....	14
ALÞJÓÐLEG SAMSKIPTI.....	15
LÍMA YFIRLÝSINGIN 30 ÁRA	17
ÞJÓNUSTA VIÐ ALMENNING	19
ENDURSKOÐUN UPPLÝSINGAKERFA	21
FJÁRMÁLAMISFERLI Á VINNUSTAÐ	23
KENNIÖLUR UM UMSVIÐ OG ÁRANGUR	25
ÞJÓNUSTA STOFNUNARINNAR	25
INNRI VERKFERLAR.....	28
STARFSMENN OG ÞRÓUN.....	29
FJÁRMÁL.....	32
STARFSFÓLK 31. DESEMBER 2006	31
OPINBERAR SKÝRSLUR ÁRIÐ 2006	32
SKÝRSLUR.....	34
ÖNNUR RIT.....	34
ÁRSREIKNINGUR 2006	35



Ríkisendurskoðun Skúlagötu 57

Formáli ríkisendurskoðanda

SIGURÐUR ÞÓRÐARSON

LÖGUM SAMKVÆMT hefur Ríkisendurskoðun mjög víðtækar heimildir til endurskoðunar. Hún getur krafist reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum sem fá fé frá ríkinu. Þá er henni heimill aðgangur að frumgögnum til að sannreyna efni reikninga og greiðsluskyldu ríkissjóðs. Einnig er henni heimilt að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé.

Á undanförunum árum hefur Ríkisendurskoðun náð að endurskoða og árita ársreikninga svo til allra ríkisaðila sem nú eru rúmlega 400. Stofnuninni hefur hins vegar ekki tekist að fylgja því eftir sem skyldi að kanna og staðfesta hvort þeir fjármunir sem Alþingi samþykkir að veita til aðila utan ríkiskerfisins skili sér í þeirri þjónustu sem til er ætlast eða hvort styrkveitingar gangi til þeirra hluta sem þær grundvallaðist á.

Ljóst er að ríkið hefur gert verkefnasamninga við fjölmarga aðila utan kerfisins og veitt til þeirra umtalsverðum fjármunum. Ríkisendurskoðun hefur ekki endurskoðað meginþorra þessara verkefna eða leitað eftir upplýsingum um ráðstöfun fjármuna. Til að stofnunin geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum á þessu sviði er því nauðsynlegt að gera sérstakt átak í að ná utan um þessi mál. Það verður annars vegar gert með því að nýta til þeirra aukinn hluta núverandi vinnuframlags og hins vegar með því að leita eftir viðbótarfjármunum.

Á árinu 2006 gaf Ríkisendurskoðun út leiðbeiningarritið *Vísbindingar um fjármálamisferli*. Markmið stofnunarinnar með útgáfu slíkra leiðbeiningarita er að benda stjórnendum og starfsmönnum ríkisstofnana á leiðir til að efla stjórnun og skilvirkni. Í þessu riti er bent á þrjár helstu forsendur þess að einstaklingar misfara með fé stofnana eða fyrirtækja. Þar er fyrst nefnd hvöt brotamanns til að afla sér aukins fjár. Í annan stað tækifærið sem gefst ef ekki er nógu gott eftirlit með fjármunum eða eigum og í síðasta lagi brengluð siðferðisvitund brotamanns. Mikilvægt er að sporna eins og kostur er gegn fjármálamisferlum og bendir Ríkisendurskoðun í riti sínu á nokkrar ráðstafanir sem reynst hafa stjórnendum fyrirtækja og stofnana vel í þeirri viðleitni.

Á samtals tæplega fjögurra áratuga ferli mínum innan ríkiskerfisins hef ég reynt að ríkisstarfsmenn eru upp til hópa ábyrgt og heiðarlegt fólk. Undantekningarnar eru sem betur fer fáar og sjaldgæft að starfsmenn falli í þá freistni að misfara með fjármuni sem þeim er treyst fyrir. Þrátt fyrir það er brýnt að beitt sé markvissum úrræðum til að minnka líkur á fjármálamisferlum. Ríkisendurskoðun mun á næstunni leggja sérstaka áherslu á aðgerðir til að koma í veg fyrir slík brot við skoðanir á innra eftirliti ráðuneyta og stofnana.

Margar erlendar systurstofnanir Ríkisendurskoðunar móta stefnu um verkefnaval og áherslur til nokkurra ára í senn. Í slíkri stefnumótun felst ákveðin forgangsröðun sem stuðlar að því að takmarkaðir fjármunir og kraftar nýtist sem best. Jafnframt skapast meiri festa og samfella í starfseminni en ella. Til þessa hefur Ríkisendurskoðun aðeins að litlu leyti skipulagt starf sitt til lengri tíma en eins árs. Á því mun hins vegar verða breyting á næstunni. Stefnt er að því að framvegis muni línur um starfið verða lagðar í þriggja ára

áætlunum þar sem fram koma meginviðfangsefni hvers tíma og þeir þættir fjárumsýslu, rekstrar og stjórnunar sem lögð verður áhersla á. Þegar hefur verið lokið við að gera slíka rammaáætlun fyrir stjórnsýsluendurskoðun og unnið er að gerð sams konar áætlunar fyrir fjárhagsendurskoðun.

Starfsemi Ríkisendurskoðunar á árinu 2006 og afrakstur var í öllum meginatriðum með svipuðum hætti og á fyrra ári og urðu unnin ársverk rúm 49 bæði árin. Hins vegar urðu óvenju miklar breytingar á starfsmannahaldi og varð starfsmannaveltan um 15% miðað við 10% árið 2005. Á árunum þar á undan var starfsmannavelta lítil sem engin hjá stofnuninni. Þróun þessi er nokkuð í takt við almenna þróun hjá íslenskum fyrirtækjum. Mikil starfsmannavelta einkum meðal starfsmanna með litla starfsreynslu er kostnaðarsöm þegar horft er til þess tíma sem tekur að þjálfa þá þótt sérfræðingar séu auk þess sem þekkingin sem fæst með starfsreynslu er ekki endurgoldin í framtíðarstörfum þeirra.

Heildargjöld Ríkisendurskoðunar árið 2006 voru 402 m.kr. samanborið við 376 m.kr. árið 2005. Þetta er um 6,9% hækkun. Sértekjur námu 29 m.kr. sem er 5 m.kr. lægri fjárhæð en árið á undan. Þannig námu gjöld umfram sértekjur 373 m.kr. sem er 31 m.kr. hærri fjárhæð en árið 2005 eða 9,1% hækkun. Ríkisframlag nam 393 m.kr. og var því tekjuafgangur ársins 20 m.kr. sem er 2 m.kr. betri afkoma en var árið 2005. Í árslok 2006 sýndi höfuðstóll 38,8 m.kr. afgang sem er 9,9% af fjárheimildum ársins.



Frá starfsmannafundi í Ríkisendurskoðun

Hlutverk og markmið

RÍKISENDURSKOÐUN ER ÓHÁÐ STOFNUN sem starfar í umboði Alþingis og er ætlað að endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem sinna rekstri og fjárvörslu á vegum ríkisins. Þá getur hún framkvæmt stjórnýsluendurskoðun og endurskoðað verkefni á sviði umhverfismála. Að lokum hefur stofnunin eftirlit með framkvæmd fjárlaga og veitir bæði þingnefndum Alþingis og ríkisaðilum aðstoð við störf sem varða fjárhagsmálefni ríkisins.

Í lögum um Ríkisendurskoðun nr. 86/1997 er skýrt tekið fram að stofnunin sé engum háð í störfum sínum og að starfsfólk hennar skuli í einu og öllu óháð þeim aðilum sem það vinnur að endurskoðun hjá. Forsætisnefnd Alþingis getur þó að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafist skýrslna um einstök mál sem falla undir starfsemi stofnunarinnar en hún ákveður þá hvernig að gerð þeirra er staðið. Forsætisnefndin ræður einnig forstöðumann stofnunarinnar, ríkisendurskoðanda, til sex ára í senn, en hann ræður annað starfsfólk.

Lögum samkvæmt hefur Ríkisendurskoðun mjög víðtækar heimildir til endurskoðunar. Hún getur krafist reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Þá er henni heimill aðgangur að og skoðun á frumgögnum eða skýrslum sem færðar eru samhliða reikningsgerð á hendur ríkinu til að sannreyna efni reikninga og greiðsluskyldu ríkissjóðs. Loks er henni heimilt að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé og meta hvort framlögin hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt.

Ríkisendurskoðun gerir grein fyrir flestum verkefnum sínum í skýrslum eða álitssgerðum. Þær eru jafnan sendar þeim aðilum sem eru til endurskoðunar og ráðuneytum sem hafa með mál þeirra að gera. Sumar skýrslur eru einnig gerðar opinberar og sendar Alþingi. Þetta á einkum við um stjórnýsluúttektir og árlega skýrslu stofnunarinnar um endurskoðun ríkisreiknings. Eftir að Ríkisendurskoðun hefur sent frá sér skýrslu lýkur yfirleitt afskiptum hennar af því máli sem er til umfjöllunar. Fyrir kemur þó að hún sér sig knúna til að leiðrétta athugasemdir eða fullyrðingar sem fram koma vegna skýrslna hennar. Þá fylgist stofnunin einnig með því hvernig sá aðili sem er til endurskoðunar bregst við athugasemdum hennar. Slíkt kann að leiða til nýrrar úttektar.

Stór hluti af endurskoðunarstörfum Ríkisendurskoðunar er bundinn lögum. Að öðru leyti ákveður stofnunin og skipuleggur verkefni sín út frá fjárhagslegu umfangi þeirra og eigin mati á mikilvægi þeirra, áhættu og möguleikum á umbótum. Meginmarkmið hennar líkt og annarra ríkisendurskoðana er að bæta opinbera stjórnýslu og umhirðu um ríkisfé og stuðla að því að fé þessu sé vel og skynsamlega varið og til hagsbóta fyrir almenning.

Í störfum sínum tekur Ríkisendurskoðun bæði mið af íslenskum lögum og alþjóðlega viðurkenndum endurskoðunarstöðlum sem tryggja eiga traust vinnubrögð við endurskoðun opinberra aðila. Auk þess hefur hún sett starfsfólki sínu siðareglur sem m.a. byggja á siðareglum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Meðal lykilhugtaka þessara reglna eru: Trúverðugleiki, óhæði, trúnaður og fagmennska.



Hluti starfsfólks Ríkisendurskoðunar á góðri stund

Starfsemin árið 2006


RÍKISENDURSKOÐUN SKILÆÐI ÁLÍKA MÖRGUM ÁRSVERKUM árið 2006 og 2005, þ.e. rúmum 49. Þetta er þremur ársverkum færri en áætlað var. Í meginatriðum var starfsemi stofnunarinnar og afrakstur einnig með svipuðu móti og undanfarin ár. Óvenju miklar breytingar urðu hins vegar á starfsmannahaldi og varð starfsmannavelta 14,9%.

Árið 2006 urðu virkar vinnustundir við störf sem tengjast endurskoðun um 72.600, þ.e. 1.400 (1,9%) færri en árið 2005. Auk þess keypti stofnunin þjónustu frá 14 endurskoðunarstofum sem svarar til 3.650 vinnustunda miðað við 3.722 tíma árið 2005. Samtals skiluðu starfsmenn Ríkisendurskoðunar og aðrir þeir sem unnu í umboði hennar því 76.250 vinnustundum við endurskoðun árið 2006.

Líkt og endranær varði stofnunin mestum tíma til fjárhagsendurskoðunar eða um 58% allra virkra vinnustunda við endurskoðun. Um 17% vinnustunda fór til stjórnsýsluendurskoðunar, 6% til innra eftirlits, 6% til endurskoðunar upplýsingakerfa, 6% til verkefna á laga- og umhverfissviði og 7% til yfirstjórnar og annarra verkefna, m.a. gæðaeftirlits og aðstoðar við önnur svið stofnunarinnar. Miðað við flestar aðrar ríkisendurskoðanir í nágrenna löndunum er hlutfall fjárhagsendurskoðunar fremur hátt, enda áritar Ríkisendurskoðun ársreikninga flestra stofnana og fyrirtækja ríkisins. Í öðrum löndum láta sambærilegar endurskoðunarstofnanir sér yfirleitt nægja úrtak. Þar er hlutur stjórnsýsluendurskoðunar því oftast meiri en hér á landi.

Árið 2006 notaði Ríkisendurskoðun um 54.500 tíma í að endurskoða einstök ráðuneyti og stofnanir þeirra. Þetta er um 2.000 tímum færri en árið 2005. Að þessu sinni fór mestur tími í að endurskoða fjárlagaliði sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið (19,7%), dómsmálaráðuneytið (18%), fjármálaráðuneytið (15,9%), umhverfisráðuneytið (11,5%) og menntamálaráðuneytið (11,1%).

Hlutfallsleg skipting vinnustunda eftir ráðuneytum



Eins og ævinlega varð nokkur tilfærsla milli ráðuneyta frá undangengnu ári. Í þetta sinn fjölgaði hlutfallslega mest þeim tímum sem notaðir voru til að endurskoða fjárlagaliði sem heyra undir ráðuneyti umhverfismála, dómsmála og heilbrigðismála. Þeim tímum sem fóru í að endurskoða fjárlagaliði sem heyra undir ráðuneyti menntamála, félagsmála og fjármála fækkaði aftur á móti. Sem vænta má fer jafnan mestur tími í að endurskoða þau ráðuneyti sem sinna stærstu og fjárfrekustu málaflokkunum.



Linda Sigurðardóttir sinnir eftirliti með sjóðum

Fjárhagsendurskoðun

Samkvæmt lögum skal Ríkisendurskoðun endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins, hvort heldur það eru opinberar stofnanir og fyrirtæki eða einkaaðilar sem ríkið kaupir lögboðna þjónustu af. Markmið endurskoðunarinnar er að meta hvort reikningsskilin gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju, kanna innra eftirlit stofnana og fyrirtækja og hvort það tryggir viðunandi árangur, ganga úr skugga um að reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmaet fyrirsmæli og samninga og kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi. Við þessi störf beitir Ríkisendurskoðun viðurkenndum verklagsreglum við fjárhagsendurskoðun, m.a. reglum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana og þeim reglum sem endurskoðendur á almennum markaði styðjast við.

Ríkisendurskoðun birti heildaryfirlit um þessa vinnu sína árið 2006 í skýrslunni *Endurskoðun ríkisreiknings 2005*. Auk þess að votta trúverðugleika þeirra fjárhagsupplýsinga sem fram koma í ríkisreikningi gerði Ríkisendurskoðun þar grein fyrir fjárhagsendurskoðun hjá 418 stofnunum og fyrirtækjum ríkisins. Að venju voru gerðar ýmiss konar athugasemdir í þessu samhengi, m.a. við 54 stofnanir þar sem útgjöld fóru 4% eða meira fram úr þeim

fjárheimildum sem reglugerð um framkvæmd fjárlaga gerir ráð fyrir. Þá var bent á mikilvægi þess að stofnanir vinni í anda áhættustjórnunar, eflí innra eftirlit hjá sér og geri nauðsynlegar öryggisráðstafanir vegna upplýsingakerfa sinna. Skýrslan geymir að lokum meginniðurstöður úr árvissri könnun stofnunarinnar á nokkrum völdum þáttum í rekstri ríkisaðila. Að þessu sinni var hugað að eftirtöldum atriðum: Tekjuskráningu, rekstri mötu-neyta og fæðisgreiðslum og fylgiskjölum (reikningum) stofnana og fyrirtækja. Þessi atriði voru skoðuð hjá um 260 ríkisaðilum og ætti úttektin því að gefa allglögga mynd af raunverulegri stöðu þessara mála hjá stofnunum og fyrirtækjum ríkisins.

Í skýrslunni *Framkvæmd fjárlaga árið 2005* eru tekjur og útgjöld ríkissjóðs árið 2005 borin saman við fjárheimildir samkvæmt fjárlögum og sama tímabil fyrra árs og farið yfir stöðu stofnana og fjárlagaliða nokkurra valinna ráðuneyta. Þá er í stuttri skýrslu, *Skuldbreyting og nauðasamningar opinberra gjalda 2005*, gerð grein fyrir samningum ríkissjóðs vegna slíkra gjalda.

Innra eftirlit

Auk þess að kanna innra eftirlit stofnana og fyrirtækja ríkisins hefur Ríkisendurskoðun leitast við að kynna stjórnendum þeirra hvað felist í slíku eftirliti sem og helstu áhættuþætti opinbers reksturs. Meðal þess sem sérstaklega hefur verið bent á undanfarin ár er áhættan sem felst í því ef stofnun eða fyrirtæki nær ekki markmiðum sínum, ekki síst þjónustumarkmiðum við almenning og atvinnurekstur.

Úttektir Ríkisendurskoðunar á innra eftirliti hafa leitt í ljós að margar stofnanir hafa gripið til aðgerða vegna viðkvæmra verkþátta í eigin starfsemi. Þær hafa þó almennt ekki skilgreint þá áhættuþætti sem þær standa frammi fyrir eða gert formlegt áhættumat. Þessi skortur á áhættugreiningu, formlegu áhættumati og ákvörðunum um aðgerðir getur valdið tjóni og hindrað að stofnanir nái markmiðum sínum.

Í tengslum við innra eftirlit lauk Ríkisendurskoðun við níu viðamiklar skýrslur á árinu 2006: *Íbúðalánasjóður* (janúar), *Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda* (mars), *Greiðsla atvinnuleysisbóta* (apríl), *Lögreglustjórnin í Reykjavík* (júní), *Tollstjórnin í Reykjavík* (júlí), *Tryggingastofnun ríkisins* (september), *Iðnaðar og viðskiptaráðuneyti* (október), *Íbúðalánasjóður* (nóvember) og *Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda* (desember). Á undanförunum árum hafa slíkar skýrslur verið 2–6 og er því um verulega fjölgun að ræða. Þá tóku starfsmenn innra eftirlits þátt í samningu þriggja opinberra skýrslna: *Skuldbreyting og nauðasamningar opinberra gjalda 2005*, *Framkvæmd fjárlaga* og *Endurskoðun ríkisreiknings*. Skýrslur stofnunarinnar um innra eftirlit eru aldrei gerðar opinberar enda varða þær oft viðkvæm innri mál stofnana og fyrirtækja.

Endurskoðun upplýsingakerfa

Endurskoðun upplýsingakerfa tengist náið bæði fjárhagsendurskoðun og innra eftirliti Ríkisendurskoðunar. Markmið þessa sviðs endurskoðunar er að kanna hvort tölvu- og upplýsingakerfi stofnana ríkisins séu örugg og skilvirk og benda á hvað færa megi til betri vegar. Á árinu 2006 var unnið við nokkrar skýrslur og greinargerðir og var lokið við þrjár þeirra: *Tekjubókhaldskerfi ríkisins. Úttekt á viðhaldi og rekstri* (febrúar), *Tekjubókhaldskerfi ríkisins. Greining á verkferlum fyrir viðhald* (febrúar) og *Fasteignamat ríkisins* (desember).

Þá tóku starfsmenn sviðsins þátt í fleiri verkefnum, m.a. *Lögreglustjórinn í Reykjavík* (júní) og *Tryggingastofnun ríkisins* (september). Skýrslur um endurskoðun upplýsingakerfa eru eingöngu sendar þeim stofnunum sem eru til endurskoðunar og viðkomandi fagráðuneyti þar sem þær greina iðulega frá viðkvæmum innri málum stofnana, m.a. öryggi upplýsinga- og tölvukerfa. Óvarlegt er að birta slíkar skýrslur opinberlega svo að vitneskja um hugsanlegan veikleika kerfanna komist ekki á annarra vitorð áður en búið er að bæta úr þeim. Þá var leiðbeiningarritið *Vísbendingar um fjármálamisferli* samið innan þessa sviðs.

Auk þess að sinna endurskoðun upplýsingakerfa unnu starfsmenn sviðsins að því að kanna tölvutengda þætti í ýmsum endurskoðunarverkefnum á öðrum sviðum stofnunarinnar. Þá fór töluverð vinna í að aðstoða starfsfólk fjárhagsendurskoðunar við tölvumál vegna upptöku á nýju fjárhagskerfi Fjársýslunnar árið 2005, en oft hefur reynt erfitt að kalla fram upplýsingar í hentugu formi. Einnig sá sviðið um rekstur á tölvukerfum Ríkisendurskoðunar.

Stjórnsýsluendurskoðun

Með stjórnsýsluúttektum sínum leitast Ríkisendurskoðun við að kanna og meta meðferð og nýtingu ríkisfjár, þ.e. hvort stofnanir og fyrirtæki ríkisins gæti hagkvæmni og skilvirkni í rekstri og fylgi gildandi lagafyrirmælum í því sambandi. Stofnunin getur gert stjórnsýsluúttektir hjá öllum þeim aðilum sem fjármagna starfsemi sína með ríkisfé, ríkið á að hálfu eða meira eða njóta framlaga úr ríkissjóði vegna þjónustu sem þeir veita. Nokkur hluti úttektanna er jafnan saminn að beiðni forsætisnefndar Alþingis, einstakra ráðuneyta eða ríkisstofnana. Aðrar eru unnar að frumkvæði Ríkisendurskoðunar og viðfangsefnin þá m.a. valin út frá fjárhagslegu umfangi þeirra, áhættumati, svigrúmi til úrbóta og fyrri úttektum stofnunarinnar.

Allra síðustu ár hafa stjórnsýsluúttektir Ríkisendurskoðunar sérstaklega beinst að heilbrigðis- og tryggingamálum, fjármálum og menntamálum, enda eru þetta þeir málaflokkar sem Alþingi veitir mestu fé til. Í starfsáætlun fyrir árin 2007–2009 er hins vegar áformað að leggja aukna áherslu á eftirfarandi málaflokka: Vinnumarkaðsmál, fjölskyldu- og velferðarmál, löggæslu og dómskerfi, erlenda efnahagsaðstoð og friðargæslu, utanríkisþjónustu, opinber fjármál og stjórnsýslu og sjávarútvegsmál. Einkum verður hugað að því hvernig staðið er að árangursstjórnun, framleiðni vinnuafls og fjármagns, málsmeðferðar- og afgreiðslutíma, stjórnskipulagi málaflokka, verka- og ábyrgðarskiptingu, gæði þjónustu og starfsmannastjórnun.

Á árinu 2006 var lokið við þrjár viðamiklar skýrslur á sviði stjórnsýsluendurskoðunar, *Verkmenntaskóli Austurlands. Fjármál og rekstur 2002–2005, Umhverfisstofnun. Stjórnsýsluúttekt* og *Ríkislögreglustjóri. Stjórnsýsluúttekt*, og að auki nokkrar minni, m.a. *Hvalfjarðargöngin og Sundabraut. Mat á kostum og göllum einkaframkvæmdar*. Þetta eru færri skýrslur en undanfarin ár sem skýrist m.a. af miklum breytingum á mannahaldi við stjórnsýsluendurskoðun, auk skipulagsbreytinga innan stofnunarinnar. Þrjár aðrar skýrslur voru reyndar vel á veg komnar í árslok, auk þess sem unnið hafði verið að ýmsum smærri verkefnum, m.a. könnuð viðbrögð stofnana við ábendingum í skýrslum Ríkisendurskoðunar frá árinu 2003.

Ríkisendurskoðun hefur á undanförunum árum leitast við að treysta stjórnsýsluúttektir sínar og þær ábendingar sem þar eru settar fram með ýmiss konar samanburði, bæði innlendum og erlendum. Gott dæmi um þetta er skýrslan *Ríkislögreglustjóri* þar sem t.d. máls-

meðferðartími efnahagsbrota hér á landi er borinn saman við málsmeðferðartíma í Noregi og Svíþjóð. Skýrslurnar veita því ekki aðeins sértækar upplýsingar um tilteknar stofnanir heldur einnig um stöðu þeirra innan þess málaflokks sem þær tilheyra eða jafnvel um stöðu tiltekins málaflokks í heild sinni.

Laga- og umhverfissvið

Starfsemi laga- og umhverfissviðs var með svipuðu móti árið 2006 og undanfarin ár. Auk þess að hafa eftirlit með sjóðum og stofnunum sem starfa samkvæmt skipulagskrá fólst drjúgur hluti verkefna þess í ráðgjöf og samningu greinargerða um margvísleg álitamál sem varða stjórnslu ríkisins. Innan þessa sviðs var einnig unnið að nokkrum verkefnum á sviði umhverfisendurskoðunar, þar sem m.a. er hugað að ýmsum skyldum, markmiðum, áætlunum og aðgerðum sem hafa eða geta haft áhrif á umhverfið. Gerð var grein fyrir einu þessara verkefna í opinberri skýrslu í ársbyrjun: *Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni. Umhverfisendurskoðun*. Þá voru skýrslurnar *Athugasemdir vegna nýrra gagna um sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum, Breyting ríkisaðila í hlutafélag og Umhverfisstofnun. Stjórnsluúttekt* unnar að hluta til eða í heild innan þessa sviðs.



*Brynja Pétursdóttir, Kristinn Hermannsson og Hólmfríður Kristinsdóttir
í mötuneyti Ríkisendurskoðunar*

Starfsfólk

Hinn 31. desember 2006 voru fastráðnir starfsmenn Ríkisendurskoðunar alls 47, þ.e. tveimur færri en 31. desember 2005. Auk þeirra störfuðu nokkrir hluta af árinu. Unnin ársverk urðu nánast jafnmörg og árið 2005, þ.e. rúm 49. Sjö starfsmenn létu af störfum árið 2006 en fimm voru ráðnir í stað þeirra. Starfsmannavelta var því um 14,9% sem er óvenju hátt hlutfall miðað við undanfarin ár.

Af fastráðnu starfsfólki stofnunarinnar voru karlmenn 27 (57,4%) og konur 20 (42,6%). Þetta er svipað hlutfall og þrjú undanfarin ár. Ef eingöngu er horft til stjórnenda og sérfræðinga voru karlar 64% en konur 36%. Meðalaldur starfsfólks var 48,7 ár og hækkaði um tæpt ár frá 2005. Þá var meðalstarfsaldur 11,5 ár. Alls höfðu 80,9% starfsmanna a.m.k. þriggja ára starfsreynslu hjá stofnuninni.

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að ráða velmenntað starfsfólk og hefur hlutfall þeirra sem lokið hafa háskólaprófi verið um eða yfir 80% síðustu ár. Langflestir þeirra hafa viðskiptafræðimenntun eða 27. Þá starfa 5 stjórn mála- eða stjórnsýslufræðingar við stofnunina, 3 hagfræðingar, 2 lögfræðingar og 1 íslenskufraeðingur. Við stofnunina starfa nú 6 löggiltir endurskoðendur, 2 með faggildingu í innri endurskoðun (CIA) og 1 með faggildingu í endurskoðun upplýsingakerfa (CISA).

Fjárhagur og útgjöld

Fjárheimildir Ríkisendurskoðunar í fjárlögum og fjárukalögum ársins 2006 námu alls 393 m.kr. og hækkuðu um 33 m.kr. eða 9,2% frá árinu á undan. Heildargjöld ársins að frádregnum sértekjum voru hins vegar 373 m.kr. og hækkuðu um 31 m.kr. eða 9,1% frá árinu 2005. Rekstur stofnunarinnar varð því 20 m.kr. (5,4%) innan fjárheimilda ársins.

Eins og samandreginn rekstrarreikningur sýnir jókst launakostnaður um 9 m.kr. (3,1%) milli ára og nam um 81% af gjöldum stofnunarinnar þegar sértekjur eru frádregnar. Rekstrar- og stofnkostnaður jókst hins vegar samtals um 17 m.kr. (20,2%). Stærsti einstaki liður sem telst til rekstrarkostnaðar er sérfræðipjónusta 14 endurskoðunarstofa fyrir um 31 m.kr. Sértekjur urðu 5 m.kr. (14,7%) minni en árið 2005.

Rekstrarreikningur í m.kr.	Ár		Breyting	
	2006	2005	Fjárhæð	%
Rekstrarliðir				
Laun	301	292	9	3,1
Annar rekstrarkostnaður	93	81	12	14,8
Stofnkostnaður	8	3	5	66,7
Samtals gjöld	402	376	26	6,9
Sértekjur	29	34	-5	-14,7
Gjöld að fráteknum tekjum	373	342	31	9,1
Ríkisframlag	393	360	33	9,2
Tekjuafgangur (halli)	20	18	2	11,1

Samkvæmt verkbókhaldi skiptist kostnaður einstakra starfssviða Ríkisendurskoðunar svo: Rekstur endurskoðunarsviða kostaði 193 m.kr., þ.e. 51,6% af gjöldum stofnunarinnar, rekstur stjórnsýslusviðs, upplýsingasviðs og innra eftirlits kostaði 128 m.kr. (34,3%), rekstur laga- og umhverfissviðs 27 m.kr. (7,1%) og rekstur yfirstjórnar 26 m.kr. (7%). Þetta er svipuð skipting og undanfarin ár. Örlítill tilfærsla (4-5%) varð þó frá endurskoðunarsviðum til annarra sviða. Heildarkostnaður á hvert stöðugildi varð 7,6 m.kr. og hækkaði um 600 þús.kr. (10,9%) frá fyrra ári.

Alþjóðleg samskipti

Alþjóðleg samskipti eru Ríkisendurskoðun afar mikilvæg til að kynnast þeim aðferðum og vinnubrögðum við endurskoðun opinberra aðila sem talin eru henta best hverju sinni. Með þeim hætti meðal annars stuðlar stofnunin að því að starfsmenn hennar standi jafnan undir þeim margvíslegu kröfum sem gerðar eru til þeirra. Þá hafa síaukin alþjóðaviðskipti sem og vaxandi áhrif fjölþjóðlegra stofnana og samninga augljóslega knúið á um aukna samræmingu og samvinnu við endurskoðun þjóða á milli. Um slíkt vitna m.a. alþjóðlegir endurskoðunar- og reikningsskilastaðlar og þau áhrif sem þeir hafa haft á löggjöf einstakra þjóða. Þessi alþjóðlega samþætting birtist einnig í ýmiss konar samstarfsverkefnum við að endurskoða fjölþjóðlegar stofnanir og bandalög, t.d. Evrópusambandið, eða verkefni sem sprengja utan af sér hefðbundin landamæri, t.d. verkefni á sviði umhverfismála eða alþjóðlegra hjálparstarfa. Að lokum hefur aukin þátttaka Íslands í þróunarverkefnum lagt þær skyldur á herðar Ríkisendurskoðunar að endurskoða þau fyrir hönd íslenskra stjórnvalda og aðstoða jafnframt aðrar þjóðir við faglega þróun í endurskoðun.

Eins og undanfarin ár tók Ríkisendurskoðun þátt í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi árið 2006. Stærsti einstaki viðburðurinn af þessu tagi sem stofnunin átti aðild að var XXXI. stjórnarfundur Evrópusamtaka ríkisendurskoðana (EUROSAI) sem haldinn var í Reykjavík 11. september. Fundinn sóttu um 40 manns frá 15 Evrópulöndum, þ.e. ríkisendurskoðendur allra þeirra átta landa sem eiga setu í stjórn samtakanna, þ. á m. Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi, og áheyrnarfulltrúar sjö annarra ríkja, ásamt aðstoðarfólki. Meðal umræðuefnis var starfsemi samtakanna á liðnu ári og framtíðarverkefni þeirra. Árið 2006 sótti ríkisendurskoðandi einnig I. ráðstefnu EUROSAI-ARABOSAI í Túnis þar sem rætt var um einkavæðingu og áhrif hennar á rekstur opinberrar þjónustu. Þá sótti einn starfsmaður ársfund umhverfisnefndar EUROSAI og tveir aðrir starfsmenn sóttu fundi á vegum samtakanna um framkvæmd fjárlaga og um upplýsingar um gagnsæi og skattaafslætti.

Af norrænu samstarfi má einkum geta árlegs vinnufundar norrænna ríkisendurskoðenda og samstarfsfulltrúa stofnananna í Stokkhólmi dagana 27. til 29. ágúst. Þá sóttu þrír



Frá XXXI. stjórnarfundu EUROSAI í Reykjavík 2006

starfsmenn stofnunarinnar vinnufund norræna ríkisendurskoðana um stjórnsýsluendurskoðun í Danmörku og hér á landi voru haldnir tveir aðrir vinnufundir þessara stofnana, annars vegar um upplýsingamiðlun og hins vegar um starfsmanna- og endurmenntunarmál.

Að lokum má nefna að þrír starfsmenn fóru í heimsókn til bresku ríkisendurskoðunarinnar og kynntu sér m.a. stefnumótun og áætlanagerð í stjórnsýsluendurskoðun. Þá fór ríkisendurskoðandi í stutta heimsókn til kínversku ríkisendurskoðunarinnar.

Meðal alþjóðlegra endurskoðunarverkefna sem Ríkisendurskoðun tók þátt í árið 2006 voru endurskoðun hjá EFTA. Þá hefur stofnunin um nokkurra ára skeið endurskoðað þróunarverkefni í Afríku sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands styrkir. Að lokum má geta þess að síðla árs 2006 var hafinn undirbúningur að samevrópskri úttekt á aðgerðum ríkja til að örva atvinnuþátttöku fatlaðra og mun Ríkisendurskoðun taka þátt í því verkefni.



Lárus Ögmundsson og Margrét E. Arnórsdóttir bera saman bækur sínar

Líma yfirlýsingin 30 ára

Í HAUST ERU LIÐIN 30 ÁR síðan Alþjóðasamtök ríkisendurskoðana samþykktu svonefnda „Líma yfirlýsingu um leiðbeinandi reglur við endurskoðun“ (*The Lima Declaration of Guidelines on Auditing Precepts*) á IX. þingi sínu í Líma í Perú.

Líma yfirlýsingin hefur löngum verið talin einn af traustustu hornsteinum vandaðrar ríkisendurskoðunar og felst gildi hennar einkum í knöppu en greinargóðu yfirliti um stöðu og valdsvið þessarar starfsemi innan ríkiskerfisins, markmið hennar, meginverkefni, rannsóknarheimildir og hvernig að sjálfri endurskoðuninni skuli staðið. Yfirlýsingin var m.a. höfð í huga þegar Alþingi Íslendinga setti í fyrsta sinn lög um Ríkisendurskoðun árið 1986 og lagði meginlínurnar um starfsemi hennar. Yfirlýsing þessi hefur því ótvírátt gildi fyrir stofnunina og starfsemi hennar.

Í Líma yfirlýsingunni er skýrt kveðið á um mikilvægi þess að ríkisendurskoðunum sé veitt nauðsynleg lögvernd gegn hvers kyns afskiptum sem gætu haft áhrif á sjálfstæði þeirra og möguleika til að sinna endurskoðunarstörfum. Í þessu felst m.a. að þær hafi fullkomið sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu og stofnunum þess, þ.e. að þær séu að öllu leyti óháðar þeim aðilum sem endurskoðað er hjá og þeim stjórnvöldum sem þær heyra undir. Þetta felur bæði í sér fjárhagslegt sjálfstæði og að ríkisendurskoðanirnar hafi sjálfar verulegt frumkvæði að því hvernig þær velja viðfangsefni sín og standa að endurskoðunarstörfum sínum og skýrslugerð. Sömuleiðis þurfa þær að vera óbundnar af fyrirmælum eða beiðnum annarra, jafnvel þegar þær starfa í umboði löggjafarvaldsins og sinna endurskoðunarstörfum að fyrirmælum þess.

Þær kröfur um sjálfstæði og óháði sem hér eru nefndar koma skýrt fram í núgildandi lögum um Ríkisendurskoðun nr. 86/1997. Þar er ekki aðeins greint frá meginhlutverki stofnunarinnar, skyldum og verkefnum, heldur einnig lögð á það rík áhersla að hún sé „engum háð í störfum sínum“ og að starfsmenn hennar „skulu í einu og öllu óháðir þeim ráðuneytum og stofnunum sem þeir vinna að endurskoðun hjá“. Einnig er bent á að stofnunin ákveði sjálf „hvar og hvenær endurskoðað er“. Forsætisnefnd Alþingis getur að vísu krafið stofnunina skýrsla um einstök mál sem falla undir starfsemi hennar en í þeim tilvikum ákveður hún sjálf efnistöð sín.

Sjálfstæði og óháði Ríkisendurskoðunar er tvímælalaust meginforsenda þess að hún njóti trausts í samfélaginu og geti sinnt eftirlitshlutverki sínu þannig að ekki leiki vafi á hlutleysi hennar og trúverðugleika. Þessa stöðu hlýtur stofnunin að ítreka í öllu starfi sínu. Það gerir hún best með því að fylgja í hvívetna þeim lögum og reglum sem gilda um hana og almennt viðurkenndum endurskoðunarstöðlum.

Í Líma yfirlýsingunni kemur fram að megintilgangur ríkisendurskoðunar sé að stuðla að skynsamlegri og markvissri nýtingu á almannafé. Þetta skuli stofnanir einkum gera með því að leiða í ljós frávik frá viðteknum stöðlum og brot á meginreglum um lögmæti, hagkvæmni, skilvirkni og markvirkni í meðferð og stjórnun fjármála ríkisins. Jafnframt skuli þær eftir því sem kostur er leitast við að benda á nauðsynlegar úrbætur í þessum efnum, gera þá sem hlut eiga að máli ábyrgja eða benda á ráðstafanir sem miða að því að slík brot endurtaki sig ekki. Þá geti ríkisendurskoðanir einnig metið frammistöðu stofnana eða

stjórnvalda í einstökum málum. Við öll þessi störf beri ríkisendurskoðunum þó að greina frá sjónarmiðum þeirra aðila sem endurskoðað er hjá og gefa þeim kost á að gera athugasemdir við niðurstöður endurskoðunarinnar innan ákveðinna tímamarka.

Af því sem hér hefur verið sagt má ráða að ríkisendurskoðanir skuli hafa mjög víðtækar heimildir til að endurskoða fjárhag og árangur ríkisstofnana og þeirra aðila sem ríkið styrkir eða kaupir lögboðna þjónustu af og kanna hvort þau fylgi gildandi lögum og reglugerðum um starfsemina. Einnig kemur fram að stofnanirnar skuli nálgast viðfangsefni sitt á gagnrýninn en þó málefnalegan og sanngjarnan hátt. Meginmarkmiðið sé að stuðla að traustri fjármálastjórnun og skipulegri stjórnsýslu, þ.e. markvissri nýtingu á almannafé og góðri og skilvirkri þjónustu.



Viðar H. Jónsson við fjárhagsendurskoðun

Þjónusta við almenning

MEGINMARKMIÐ OPINBERS REKSTURS er þjónusta við almenning. Lögum samkvæmt skal Ríkisendurskoðun hafa eftirlit með þessari þjónustu, bæði þeirri sem opinberar stofnanir og fyrirtæki veita og hinni sem sveitarfélög og einkaaðilar inna af hendi en ríkið greiðir fyrir að hluta til eða öllu leyti.

Auk þess að votta reikningsskil þessara aðila hefur Ríkisendurskoðun heimild til að meta beinan árangur eða ávinning af starfsemi þeirra, þ.e. hvort fjármunum ríkissjóðs sé varið á hagkvæman og skilvirkan hátt og í samræmi við fyrirmæli laga, reglugerða og gildandi verk- eða þjónustusamnings, hafi slíkur samningur verið gerður. Einn liður í slíkum úttektum er að meta hvernig að þjónustunni sé staðið og hvort unnt sé eða jafnvel nauðsynlegt að efla hana og bæta á einhvern hátt. Ríkisendurskoðun fyrirhugar að leggja aukna áherslu á slíka þætti á komandi árum í stjórnýsluendurskoðun.

Í skýrslum Ríkisendurskoðunar *Ríkislögreglustjóri* (2006), *Þjónusta við aldraða* (2005), *Lyfjakostnaður. Notkun, verð og framboð lyfja á Íslandi* (2004), *Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri* (2004), *Sameining sjúkrahúsanna í Reykjavík* (2003) og *Sólheimar í Grímsnesi* (2002) er gerð grein fyrir nokkrum stjórnýsluúttektum sem að hluta til eða í heild varða þjónustu við almenning. Þar er t.d. hugað að þeim tíma sem það tekur stjórnýslu- og þjónustustofnanir að afgreiða erindi fólks eða uppfylla lögmætar þarfir þess fyrir þjónustu, skilvirkni og gæði þessarar þjónustu og þeim kostnaði sem er henni samfara bæði fyrir ríkissjóð og þá sem þurfa á þjónustunni að halda.

Mat á þjónustu hlýtur ævinlega að vera vissum vandkvæðum bundið, en sem viðmiðun hefur Ríkisendurskoðun m.a. horft til markmiða stjórnvalda eða stofnananna sjálfra um það hvernig að henni skuli staðið, fyrirliggjandi staðla um slíkt og þess hvernig sambærilegum málum er háttað í þeim löndum sem Íslendingar bera sig helst saman við. Einnig hefur verið tekið mið af viðhorfum notenda eða eftirspurn eftir þjónustu og því hvort telja megi að gætt sé jafnræðis að lögum, t.d. hvort landsmenn eigi almennt jafngreiðan aðgang að lögboðinni þjónustu, óháð búsetu eða líkamlegu og andlegu ástandi sínu eða færni. Að lokum hefur verið hugað að því hvort einhver verulegur munur sé á eðli, umfangi, gæðum og verði þeirrar þjónustu sem veitt er eftir því hver veitir hana.

Eðli málsins samkvæmt á Ríkisendurskoðun ekki að hvetja til aukinna fjárútláta fyrir ríkissjóð með endurskoðunarskýrslum sínum og þeim athugasemdum og tillögum sem þar eru settar fram, hvort heldur þær lúta að þjónustu við almenning eða öðrum rekstrarþáttum. Miklu fremur á hún að stuðla að hagkvæmni í rekstri og góðri nýtingu aðfanga, þ.e. að landsmenn fái eins góða, skilvirka og mikla þjónustu og unnt er að veita fyrir það fé sem stjórnvöld hafa samþykkt að leggja til hennar. Af þessum sökum miða tillögur Ríkisendurskoðunar í flestum tilvikum að einhvers konar hagræðingu, svo sem bættu skipulagi þjónustustofnana og aukinni samvinnu þeirra eða verkaskiptingu, að þær forgangsraði verkefnum sínum út frá mikilvægi þeirra eða velji ódýrari eða hagkvæmari lausnir en gert hefur verið án þess þó að rýra þjónustuna á einhvern hátt. Í sumum skýrslna sinna hefur stofnunin þó einnig bent á nauðsyn þess að stjórnvöld skilgreini einhvers konar lágmarksviðmið um þá þjónustu sem veitt er og greitt er fyrir, svo að tryggt sé að allir sem eiga rétt á henni sitji við sama borð og fái álíka mikla og góða þjónustu innan þess tíma sem almennt er talinn hæfilegur.

Í skýrslum sínum og öðrum athugasemdum um opinbera þjónustu hefur Ríkisendurskoðun iðulega lagt á það áherslu að stjórnvöld geri skriflega verk- eða þjónustusamninga við þá aðila sem inna af hendi lögboðna þjónustu gegn greiðslu og fylgist með því að þeir fjármunir sem ríkissjóður leggur af mörkum skili sér eins og til er ætlast. Ótækt er að verktakar hafi sjálfðæmi um það hvernig þessum fjármunum er varið. Mikilvægt er að í slíkum samningum komi skýrt fram í hverju þjónustan eigi að vera fólgin, umfang hennar, magn og gæði. Þar þarf enn fremur að geta um þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til þjónustuaðilans um faglega þekkingu og hentuga aðstöðu til starfseminnar. Þá þurfa stjórnvöld að fylgjast grannt með því að tekjur og gjöld skili sér að fullu í bókhaldi þjónustuaðila og að gjöld séu í samræmi við umfang og eðli starfseminnar. Að lokum þarf að vera ljóst hvernig bregðast skuli við komi fram ágreiningur milli samningsaðila eða vanefndir á samningnum.



*Ingunn Ólafsdóttir, Óli Jón Jónsson, Margrét E. Arnórsdóttir og Snorri Gunnarsson
ræða um stjórnsýsluúttekt*

Endurskoðun upplýsingakerfa

TILGANGUR RÍKISENDURSKOÐUNAR með endurskoðun upplýsingakerfa er í meginatriðum tvíþættur. Annars vegar er hún hluti hefðbundinnar fjárhagsendurskoðunar. Hins vegar er hún liður í innra eftirliti stofnana.

Sem hluti hefðbundinnar fjárhagsendurskoðunar miðar endurskoðun upplýsingakerfa að því að kanna hvort upplýsingakerfi stofnana og fyrirtækja samræmist þörfum starfseminnar, vinni með eðlilegum hætti og geymi rétt og fullnægjandi bókhaldsgögn. Að þessu leyti er tilgangur hennar að staðfesta umfang og áreiðanleika þeirra liða sem fram koma í ársreikningi og votta rekstrarárangur starfseminnar. Sem hluti innra eftirlits er henni hins vegar ætlað að athuga og meta hvort upplýsingakerfi stofnana og fyrirtækja séu tæknilega það örugg að bilanir, truflanir, mannleg mistök eða utanaðkomandi áreiti, t.d. innbrot og tölvuveirur, skaði ekki starfsemina eða að óprúttir aðilar geti notfært sér kerfin á ólög-mætan hátt, svo sem til að hagnast á kostnað einstaklinga, fyrirtækis eða skattgreiðenda eða til að nálgast persónuupplýsingar sem þeim er ekki ætlað að hafa aðgang að.

Ljóst er að upplýsinga- og tölvutækni gegnir lykilhlutverki í grunnþjónustu fjölmargra opinberra stofnana og fyrirtækja, bæði hér á landi og annars staðar. Þessi tækni hefur tvímælalaust opnað þeim margar nýjar og spennandi leiðir til að hagræða í rekstri sínum og draga úr kostnaði en auka jafnframt og bæta þjónustu sína við viðskiptavinina. Gott dæmi um slíkt er ýmiss konar rafræn þjónusta, t.d. rafræn viðskipti sem stunda má nánast hvar og hvenær sem er og spara því bæði þjónustuaðilum og viðskiptavinum þeirra tíma og fyrirhöfn, auk þeirra beinu útgjalda sem felast í póstsendum greiðsluseðlum. Því mikilvægari sem slík þjónusta er í starfsemi stofnana og fyrirtækja þeim mun mikilvægara er að vel sé staðið að þeim upplýsingakerfum sem notuð eru og endurskoðun þeirra.

Ekki fer milli mála að rafræn viðskipti hafa að sumu leyti létt endurskoðendum störf sín því að sjálfvirkar skráningar hafa augljóslega dregið úr hættu á mannlegum mistökum, svo sem við innslátt, rangar bókanir eða afstemmingar. Áhættan hefur hins vegar stóraukist á öðrum sviðum. Með rafrænum viðskiptum hefur t.d. fækkað mjög hefðbundnum sönnunargögnum endurskoðenda, þ.e. undirrituðum og fyrirfram númeruðum pappírskjölum. Jafnframt hefur formleg aðgreining yfirmanns, gjaldkera og bókara riðlast og þær aðstæður jafnvel skapast innan fyrirtækja að einn og sami starfsmaður geti í sömu aðgerð pantað vöru, greitt fyrir hana og bókað. Að lokum hafa persónuleg tengsl viðskiptamanna minnkað eða jafnvel rofnað alveg. Vegna alls þessa þurfa endurskoðendur í æ ríkara mæli að huga að þeim öryggis- og eftirlitsþáttum sem eru innbyggðir í þau upplýsingakerfi sem notuð eru, svo sem rafrænum undirskriftum, aðgangstakmörkunum, persónulegum lykilorðum, tölvudagbókum, þar sem m.a. má sjá hver ber ábyrgð á einstökum færslum, og að lokum villuprófunum.

Af þeim ástæðum sem hér hafa verið nefndar verður endurskoðun upplýsingakerfa æ veigameiri þáttur í endurskoðun fyrirtækja. Ríkisendurskoðun hefur á undanförunum árum lagt á það verulega áherslu að leiðbeina stofnunum og fyrirtækjum ríkisins um þær almennu öryggiskröfur sem gerðar eru til upplýsingakerfa, bæði við val og stillingu á nýjum kerfum og við endurbætur gamalla kerfa. Þetta hefur bæði verið gert með útgáfu leiðbeiningarrita á borð við *Rekstraröryggi upplýsingakerfa* (1998), *Rafræn viðskipti* (2000)

og *Áreiðanleiki gagna í upplýsingakerfum* (2002) og með sérstökum úttektum á upplýsingakerfum einstakra stofnana. Í þessu leiðbeiningarstarfi hefur Ríkisendurskoðun einkum leitast við að vekja stjórnendur stofnana og fyrirtækja til vitundar um þau vandamál sem tengjast notkun upplýsingakerfa, þá áhættu sem taka þarf tillit til í daglegum störfum og þær aðgerðir sem grípa þarf til við að uppfylla þarfir stofnananna fyrir öruggan en þó skilvirkan rekstur.

Auk fyrirbyggjandi ráðstafana af þessu tagi hefur Ríkisendurskoðun haft afskipti af nokkrum málum þar sem grunur hefur vaknað um ólöglegt eða sviksamlegt athæfi. Í flestum tilvikum hafa þessi mál varðað starfsmenn sem hafa nýtt sér óeðlilega rúman aðgang að upplýsingakerfum stofnana sinna og vitneskju um glufur í öryggis- og eftirlitsbúnaði þeirra til að svíkja út fé og hylja svo slóð sína í bókhaldinu. Hér hefur veikleikinn því annars vegar falist í ónægri aðgreiningu starfa, þ.e. milli þeirra sem samþykkja greiðslur, greiða þær út og bóka, og hins vegar í ófullnægjandi eftirlitsaðgerðum, bæði innan upplýsingakerfanna sjálfra og utan þeirra. Oft upplýsast mál af þessum toga einungis fyrir tilviljun eða „mistök“ brotamanna þótt síðar sé unnt að rekja þau í kerfinu.



*Hrafnhildur Óskarsdóttir, Hilmar Þórisson, Guðbrandur R. Leósson og Ingi K. Magnússon
funda um innri endurskoðun*

Fjármálamisferli á vinnustað

Á UNDAFÖRNUM ÁRUM hafa ríkisendurskoðanir víðs vegar um heim kostað kapps um að berjast gegn hvers kyns fjármálamisferli innan opinberra stofnana og fyrirtækja, ekki síst stuldi eða misnotkun starfsmanna á fjármunum og eigum stofnana, spillingu þeirra með hagnað í huga og svíksamlegum reikningsskilum. Meginástæða þessa eru rökstuddar vísbendingar um að slíkum brotum fari almennt fjölgandi og að afleiðingar þeirra verði sífellt alvarlegri fyrir þær stofnanir sem eiga hlut að máli.

Könnun endurskoðunarfyrirtækisins *PricewaterhouseCoopers* árið 2005 meðal 3.634 fyrirtækja í 34 löndum um heim allan leiddi í ljós að um 45% þeirra töldu sig hafa orðið fyrir barðinu á einhvers konar fjármálamisferli síðustu tvö ár miðað við 37% fyrirtækja árið 2003. Ef horft er til næstu nágrannalanda Íslands var þetta hlutfall 42% í Noregi og 21% í Danmörku árið 2005. Í langflestum tilvikum (um 70%) voru hinir brotlegu starfsmenn fyrirtækjanna sjálfra og í um 25% tilvika yfirmenn þeirra. Í rannsókn alþjóðlegu samtakanna *Association of Certified Fraud Examiners* frá árinu 2004 kemur einnig fram að fjármálamisferli kosti dæmigert bandarískt fyrirtæki um 6% af árlegum tekjum þess. Þar er jafnframt bent á að einungis nokkur hluti brota upplýsist og þá allt eins fyrir tilviljun eða vegna ábendinga frá einstaklingum en við ytri eða innri endurskoðun eða innra eftirlit. Vegna þessa hafa stofnanir og fyrirtæki leitað hentugra leiða til að hindra slík brot og upplýsa þau sem eiga sér stað.

Árið 2006 gaf Ríkisendurskoðun út leiðbeiningarritið *Vísbendingar um fjármálamisferli* þar sem m.a. eru raktar niðurstöður áður nefndrar rannsóknar í Bandaríkjunum og þær tengdar íslenskum veruleika eftir því sem ástæður gefa tilefni til. Í því samhengi má geta þess að Ríkisendurskoðun hefur á undanförunum árum haft afskipti af hátt á annan tug mála sem flokkast sem fjármálamisferli. Sum þeirra hafa orðið uppvís við athugun Ríkisendurskoðunar á bókhaldi og fjárreiðum ríkisstofnana en önnur vegna ábendinga starfsmanna eða stjórnenda stofnananna sjálfra eða ytri aðila. Almennt er ekki unnt að greina neinn grundvallarmun á slíkum brotum hér á landi og annars staðar utan hvað spilling, t.d. í formi mútugreiðslna, virðist hér lítt áberandi. Þá virðist lítil hættu á að opinberar stofnanir stundi svíksamleg reikningsskil þar sem hvatinn til þeirra, t.d. í formi árangurstengdra launa, er lítill eða enginn. Hér á landi felst áhættan aðallega í þjófnaði, fjárdrætti eða annars konar misnotkun starfsmanna á fjármunum og eigum stofnana.

Ekki hefur verið reynt að meta til fjár það tjón sem hlýst af fjármálamisferlum í opinberum stofnunum hér á landi en sé tekið mið af erlendum könnunum og þeim íslensku málum sem komið hafa upp á yfirborðið á síðustu árum er augljóslega um verulegar fjárhæðir að ræða sem a.m.k. á endanum leggjast á skattgreiðendur að stærstum hluta. Þar sem íslenskar stofnanir og fyrirtæki eru í flestum tilvikum litlar rekstrareiningar má einnig gera ráð fyrir að tjón þeirra verði tilfinnanlegra en stórfyrirtækjanna, þótt líkurnar á fjármálamisferli séu reyndar minni þar en hjá síðarnefndu fyrirtækjunum. Lítil fyrirtæki eiga auk þess oftast erfiðara um vik að verja sig með öflugum innra eftirliti en hin stærri.

Í leiðbeiningarriti Ríkisendurskoðunar *Vísbendingar um fjármálamisferli* er bent á þrjár helstu forsendur þess að einstaklingar misfari með fé stofnana eða fyrirtækja og fléttast

þær raunar oft saman. Í fyrsta lagi er hvöt brotamannsins eða þrýstingur á hann til að afla sér aukins fjár til að viðhalda einhverjum kostnaðarsömum þörfum eða fiknum. Í öðru lagi er tækifærið sem gefst vegna þess að stofnun eða fyrirtæki hefur ekki nógu gott eftirlit með fjármunum sínum eða eigum. Í þriðja lagi er brengluð siðferðisvitund brotamannsins sem reynir iðulega að réttlæta eigin verknað og telja sjálfum sér trú um að hann sé hvorki rangur né ólöglegur eða að hann muni bæta fyrir hann þegar fram líða stundir. Eðlilega er áhættan mest meðal þeirra starfsmanna sem hafa beinan aðgang að fjármunum og eignum fyrirtækis eða stofnunar og raunar eru alvarlegustu brotin framin af stjórnendum þeirra.

Ljóst er að heppilegasta og hagkvæmasta leiðin til að sporna gegn fjármálamisferlum er að hindra eins og kostur er að þau eigi sér stað, enda er alþekkt að fyrirtæki eða stofnanir fá aldrei bættan nema að litlu leyti þann skaða sem þau verða fyrir þótt brot séu upplýst, hvorki fjárhagslegt tjón sitt né það áfall sem stafar af brostinni ímynd, versnandi starfsanda, dvinandi siðferðiskennd starfsmanna eða biluðu trausti viðskiptavina. Eftirfarandi ráðstafanir hafa reynst einna best:

- Að stjórnendur átti sig á því hvar áhættan á fjármálamisferlum sé mest og hvernig megi draga úr henni eða eyða.
- Að stjórnendur kynni sér feril starfsmanna við nýráðningar, setji þeim skýrar siða- og verklagsreglur og geri þeim grein fyrir afleiðingum þess að misfara með fjármuni eða eigur stofnunarinnar, þ.e. að áhættan sem fylgi slíkum brotum sé alltaf meiri en hugsanlegur ávinningur þeirra.
- Að komið sé á virku innra eftirliti með fjármunum, eignum og bókhaldsgögnum og skýrri verkaskiptingu þeirra sem fara með slíka þætti til að takmarka sem mest möguleika þeirra á sviksamlegu athæfi.
- Að starfsmenn séu almennt meðvitaðir um það hvaða ytri einkenni eða hegðunarmynstur gætu bent til þess að eitthvað misjafnt sé á seyði og hvernig best sé að bregðast við þeim aðstæðum.

Ekkert eftirlitskerfi er það fullkomið að ekki megi finna á því glufur og nota þær í óheiðarlegum tilgangi. Til að upplýsa þau brot sem eiga sér stað er mikilvægt að gefa fólki kost á að koma á framfæri nafnlausum ábendingum um þau. Reynslan hefur enda sýnt að mjög erfitt getur verið að setja slíkar ábendingar fram undir nafni, jafnvel þótt þær reynist fullkomlega réttmætar, þar sem þær beinast oft að nánnum samstarfsmönnum eða yfirmönnum.

Kennitölur um umsvif og árangur

MEÐAL LÖGBUNDINNA VERKEFNA RÍKISENDURSKOÐUNAR er að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi.

Kennitölur um umsvif og árangur hafa ekki einungis almennt upplýsingagildi heldur geta einnig haft margvíslega hagnýta þýðingu við stjórnun þar sem þær lýsa því hvernig stofnunum og fyrirtækjum gengur að þróa starfsemina og ná markmiðum sínum. Ríkisendurskoðun hefur á undanförunum árum fylgst á skipulegan hátt með því hvernig henni tekst sjálfri að ná árangri í starfi. Í því skyni hefur hún valið nokkra árangursmælikvarða til að meta fjögur lykilsvið starfseminnar: 1) Þjónustu, 2) innri verkferla, 3) starfsmenn og þróun, 4) fjármál.

Þjónusta stofnunarinnar

Ríkisendurskoðun leitast við að veita álit og upplýsingar sem koma jafnt stjórnvöldum sem stofnunum og fyrirtækjum ríkisins að gagni við ákvarðanatöku.

Ríkisendurskoðun birtir niðurstöður úttekta sinna aðallega í formi skýrslna og greinargerða. Þessi skrif eru í meginatriðum tvenns konar. Annars vegar eru þau sem eingöngu eru ætluð þeim stofnunum sem endurskoðunin beinist að og ráðuneytunum sem þær heyra undir. Í þennan flokk falla langflestar skýrslur á sviði fjárhagsendurskoðunar og innra eftirlits, ásamt úttektum stofnunarinnar á upplýsingakerfum ríkisstofnana. Að mati Ríkisendurskoðunar hafa þessar skýrslur komið að margvíslegu gagni þótt slíkt hafi ekki verið mælt með beinum hætti. Til þessa bendir m.a. sú staðreynd að á síðustu árum hefur fækkað mjög athugasemdum sem stofnunin gerir um meðferð ríkisaðila á bókhaldsgögnum. Þá eru stjórnendur stofnana yfirleitt vel upplýstir um þau vandamál sem tengjast innra eftirliti og upplýsingakerfum.

Hinn flokkinn mynda opinberar úttektir Ríkisendurskoðunar á tilteknum stofnunum eða málefnum. Að jafnaði eru þær 10–12 árlega. Flestar eru prentaðar í 300–500 eintökum og sendar Alþingi, ráðuneytum, stofnunum og fjölmiðlum til kynningar og umfjöllunar. Allar eru svo birtar í rafrænu formi á heimasíðu stofnunarinnar. Þessar skýrslur hafa oft vakið talsverða athygli og umræðu á opinberum vettvangi og stundum hafa þær augljóslega leitt til úrbóta innan stjórnáslunnar. Dæmi um slíkt er skýrslan *Ríkislögreglustjóri. Stjórnáslu-úttekt* (2006). Það segir einnig sína sögu um mikilvægi þeirra að stofnanir, ráðuneyti og Alþingi óska í síauknum mæli eftir þeim. Um hitt má deila hvort skýrslurnar eigi sér eðlilegan farveg á Alþingi og í nefndum þess, eins og umræður á þingi haustin 2005 og 2006 vitna um, og hvort þeim athugasemdum og ábendingum sem þar koma fram sé fylgt nógu vel eftir.

Í árslok 2006 steig Ríkisendurskoðun fyrstu skref sín í þá átt að meta eiginlegan árangur opinberra skýrslna sinna með því að kanna viðbrögð stjórnvalda og stofnana við tveimur stjórnásluúttektum frá 2002 og 2003. Slíkar athuganir á eftirfylgni hafa í eðli sínu tvíþættan tilgang. Annars vegar eiga þær að leiða í ljós hvort meginábendingar stofnunar-

innar séu settar fram á það skýran og skilmerkilegan hátt að unnt sé að meta með nokkurri vissu hvort brugðist hafi verið við þeim. Hins vegar er leitast við að kanna hvort stofnanir og stjórnvöld hafi að hluta til eða í heild tekið þessar ábendingar til greina, þ.e. hvort þær hafi leitt til einhverra úrbóta, verið hunsaðar eða vísað á bug með lögmætum rökum.

Helstu niðurstöður þeirra kannana sem gerðar voru í desember 2006 og janúar 2007 eru eftirfarandi. Af 16 meginábendingum Ríkisendurskoðunar í úttektunum tveimur var unnt að meta 15 en ein reyndist of almenn og óljós. Ríkisendurskoðun telur að stjórnvöld eða stofnanir hafi tekið 12 þessara ábendinga til greina að einhverju eða öllu leyti. Ekki hafi hins vegar verið brugðist við þeim í 3 tilvikum og voru stjórnvöld eða stofnanir þá ævinlega ósammála því mati sem lá að baki þeim. Þegar á heildina er litið báru 12 (75%) þessara 16 ábendinga því tilætlaðan árangur.

Auk slíkra athugana á viðbrögðum stjórnvalda og stofnana við ábendingum stofnunarinnar hefur Ríkisendurskoðun um nokkurra ára skeið mælt áhuga almennings á opinberum skýrslum sínum með því að kanna hversu oft þær eru opnaðar á heimasíðu stofnunarinnar. Ljóst er að mikil aukning hefur orðið í þessum efnum á síðustu tveimur árum, ekki síst árið 2006 þegar þær 212 skýrslur stofnunarinnar sem eru í gagnagrunni hennar voru opnaðar alls 31.586 sinnum, þ.e. að jafnaði um 150 sinnum yfir árið. Þess má geta að árið 2005 voru álíka margar skýrslur að jafnaði opnaðar 106 sinnum. Aukningin milli ára er því um 41%.

Fjöldi opnaðra skýrslna á heimasíðu Ríkisendurskoðunar

Ár	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Samtals
2004	3.275	3.422	2.944	3.015	12.656
2005	3.765	6.856	4.882	6.211	21.714
2006	7.440	9.112	6.037	8.977	31.586

Sú skýrsla sem oftast var sótt á vef stofnunarinnar árið 2006 var *Háskóli Íslands. Stjórn-sýsluúttekt* (2005) sem opnuð var 774 sinnum. Sama skýrsla var einnig efst á lista árið 2005, þá opnuð 1.047 sinnum. Eins og meðfylgjandi tafla sýnir varð um 14% samdráttur milli ára þegar horft er til 5 mest sóttu skýrslanna þrátt fyrir 41% aukningu þegar á heildina er litið. Þetta bendir til jafnari áhuga á skýrslum en oft áður. Athygli vekur hve ofarlega *Ársskýrsla Ríkisendurskoðunar 2005* kemst og má væntanlega taka það sem vitnisburð um aukinn áhuga á stofnuninni sem slíkri og starfsemi hennar.

Fimm mest lesnu skýrslur á heimasíðu Ríkisendurskoðunar

	2005		2006	
1	Háskóli Íslands (2005)	1.047	Háskóli Íslands (2005)	774
2	Framkvæmd fjárlaga (2005)	749	Þjónusta við aldraða (2005)	677
3	Einkavæðing (2003)	660	Landspít.-háskólasj. (2005)	562
4	Tollstjórinn í Rvík (1999)	600	Framkvæmd fjárlaga (2006)	500
5	Veðurstofan (2003)	428	Ársskýrsla Ríkisend. (2006)	470
Alls		3.484		2.989

Ríkisendurskoðun sendir jafnan frá sér fréttatilkynningu þegar ný skýrsla er birt þar sem greint er frá meginniðurstöðum og ábendingum í stuttu og einföldu máli. Samkvæmt mælingum eru þessar tilkynningar langvinsælasta lesefni á heimasíðu stofnunarinnar. Árið

2006 voru fimm þeirra opnaðar oftar en 1.200 sinnum, þar af tvær yfir 1.600 sinnum. Fjölmíðlar hafa einnig notað þessar tilkynningar í ríkum mæli í fréttáflutningi sínum og því er ljóst að þær ná til mjög margra. Hægt er að vera áskrifandi að fréttatilkynningum stofnunarinnar og nýta sér nú um 130 manns þá þjónustu.

Ljóst er að Netið mun á komandi árum gegna æ mikilvægara hlutverki í þeirri viðleitni stofnana og fyrirtækja að miðla upplýsingum og þjónustu. Ríkisendurskoðun hefur því stöðugt leitast við að bæta heimasíðu sína og hefur það skilað sér í stöðugt aukinni umferð um hana undanfarin ár og misseri. Árið 2006 voru alls skráð 27.159 innlit (heimsóknir) 13.591 gests (tölvu) á vef stofnunarinnar miðað við 24.770 innlit 10.346 gesta árið 2005. Aukningin nemur því 9-31% allt eftir því hvernig á er litið.

Á árinu 2006 voru gerðar fjölmargar breytingar á heimasíðunni til að auðvelda fötluðum að notfæra sér það efni sem þar er birt. Í tengslum við þær breytingar mótaði stofnunin sér einnig aðgengisstefnu fyrir fatlaða og birti hana meðal stefnumála sinna. Nær allt efni á vef Ríkisendurskoðunar stenst nú þær viðmiðunarkröfur um aðgengismál sem alþjóðlegi vinnuhópurinn *Web Content Accessibility Guidelines Working Group* hefur sett fram í staðlinum WCAG 2.0 af gerð A. Þetta þýðir að hann er meðal annars aðgengilegur blindum sem nýta sér heimasíður með hjálp skjálesara, sjónskertum sem þurfa sérstaklega stórt letur, lesblindum sem hentar annar bakgrunnur en venja er að nota og hreyfihömluðum sem eiga erfitt með að nota mús við að ferðast um vefsíður. Gera má ráð fyrir að mörg þessara atriða auðveldi einnig öldruðum að nýta sér vef stofnunarinnar.



Tvö af útgáfuritum stofnunarinnar árið 2006

Innri verkferlar

Ríkisendurskoðun stefnir að skilvirkni og gæðum í störfum.

Ríkisendurskoðun leggur mikla áherslu á skilvirkni og gæði í störfum sínum og reynir jafnan að standa við áætlanir sínar. Einn mikilvægasti mælikvarði stofnunarinnar á skilvirkni er afrakstur hennar, þ.e. fjöldi reikningsskila og skýrslna sem samin eru. Undanfarin ár hefur tekist að gefa út endurskoðaða ársreikninga fyrir velflestar stofnanir í A-hluta ríkisreiknings, auk stofnana í B-, C-, D- og E-hluta hans. Síðustu tvö ár hefur slíkum ársreikningum reyndar fækkað örlítið, bæði vegna minna vinnuframlags starfsmanna og erfiðleika við að vinna upplýsingar úr fjárhagskerfi ríkisins. Árið 2006 áritaði stofnunin alls 337 ársreikninga og samdi 241 endurskoðunarskýrslur. Þetta er nánast sami fjöldi og árið 2005 en 5,1% fækkun frá árinu 2004. Þegar aðkeypt þjónusta er talin með urðu ársreikningar 396 og endurskoðunarbréf 292, samanborið við 403 ársreikninga og 289 endurskoðunarbréf árið 2005.

Fjárhagsendurskoðun	2004	2005	2006
Áritaðir ársreikningar	350	338	337
Endurskoðunarskýrslur	259	238	241
Samtals	609	576	578

Þegar horft er til annarra skýrslna Ríkisendurskoðunar, þ.e. úttekta og greinargerða á sviði stjórnsýsluendurskoðunar, innri endurskoðunar og endurskoðunar upplýsingakerfa, sést að þar varð nokkur aukning árið 2006. Samtals urðu slíkar skýrslur 23, þ.e. fjórum fleiri en árið 2005 og tveimur fleiri en árið 2004. Einkum fjölgaði greinargerðum en eiginlegum stjórnsýsluskýrslum fækkaði verulega. Alls sendi Ríkisendurskoðun frá sér 13 opinberar skýrslur árið 2006, þ.e. tveimur fleiri en árið 2005 en jafnmargar og árið 2004.

Aðrar skýrslur	2004	2005	2006
Stjórnsýsluskýrslur	10	8	4
Greinargerðir o.fl.	15	11	18
Rit	0	0	1
Samtals	25	19	23

Á undanförunum árum hefur Ríkisendurskoðun lagt á það sérstaka áherslu að ljúka áritun reikningsskila eins snemma á árinu og unnt er svo að þau komi stjórnendum stofnana og fyrirtækja ríkisins og öðrum þeim sem taka ákvarðanir um rekstur þeirra að sem mestum notum. Eins og meðfylgjandi tafla sýnir hefur þessi viðleitni borið umtalsverðan árangur. Árið 2006 náði stofnunin að árita 43,8% allra reikningsskila ársins fyrir mitt ár og 78,3% þeirra á fyrstu þremur ársfjórðungum þess. Þetta er veruleg framför frá árinu 2004 þegar þessi hlutföll voru 21,4% og 49,4%. Stofnunin mun þó leitast við að gera enn betur á komandi árum.

Uppsafnað hlutfall áritaðra reikningsskila innan ársins				
Ár	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.
2004	4,3%	21,4%	49,4%	100%
2005	4,4%	38,5%	57,7%	100%
2006	8,0%	43,8%	78,0%	100%

Auk þess að skoða dagsetningar áritaðra reikningsskila hefur Ríkisendurskoðun mælt skilvirkni stofnunarinnar með því að athuga hversu langan tíma tekur að vinna tiltekin verk. Samanburður síðustu þriggja ára á þeim tíma sem það hefur tekið að vinna skýrsluna *Endurskoðun ríkisreiknings* frá því að *Ríkisreikningur* var gefinn út er tiltölulega óhagstæður fyrir árið 2006, þ.e. 73 dagar miðað við 57 árið 2005. Það má þó teljast jákvætt að skýrslan kom mun fyrr út en undanfarin ár og er það í samræmi við stefnu stofnunarinnar um að vinnan nýtist Alþingi sem best við fjárlagagerð komandi árs.

Skilvirkni við endurskoðun Ríkisreiknings			
Ár	Ríkisreikningur	Endurskoðun ríkisreiknings	Dagafjöldi
2004	30.09	19.11	50
2005	26.09	22.11	57
2006	24.08	06.11	73

Starfsmenn og þróun

Ríkisendurskoðun leitast við að ráða þjálfað og hæft starfsfólk sem vill bæta og þróa vinnubrögð sín. Auk þess vill stofnunin stuðla að hvetjandi starfsanda á vinnustað.

Starfsfólk fyrirtækja og stofnana er tvímælalaust mesta auðlind þeirra. Til að mæla þann auð hefur Ríkisendurskoðun valið að horfa til eftirtalinna atriða: Fjölda vinnustunda við endurskoðun, hlutfalls starfsfólks með háskólapróf, fjölda endurmenntunardaga, hlutfalls starfsfólks með meira en þriggja ára starfsreynslu hjá stofnuninni, meðalstarfsaldurs þess og veikindafjarvistir.

Starfsfólk Ríkisendurskoðunar skilaði um 1.400 færri virkum vinnustundum við endurskoðun árið 2006 en árið 2005 en um 700 fleiri en árið 2004. Þá var aðkeypt þjónusta álíka mikil og undanfarin ár. Sá auður sem felst í vinnustundum hefur því hvorki aukist né rýrnað svo nokkru nemur. Enn vantar þó tæp tvö ársverk upp á að stofnunin nái að skila jafnmörgum vinnustundum og árið 2003 (76.440).



Starfsfólk Ríkisendurskoðunar á námskeiði

Fjöldi vinnustunda við endurskoðun

	2004	2005	2006
Ríkisendurskoðun	71.856 (95%)	73.992 (95,2%)	72.600 (95,2%)
Aðkeypt þjónusta	3.780 (5%)	3.722 (4,8%)	3.650 (4,8%)
Samtals	75.636 (100%)	77.714 (100%)	76.250 (100%)

Hlutfall háskólamenntaðs starfsfólks Ríkisendurskoðunar hefur haldist stöðugt undanfarin þrjú ár, þ.e. um og yfir 80%. Ef eingöngu er horft til þeirra sem sinna endurskoðunarstörfum er það 97,5%. Menntunarstig starfsfólks er því allhátt. Eins og fram kemur á öðrum stað í þessari skýrslu er menntun þess mjög margvísleg. Sem vænta má er viðskiptafræðimenntað fólk í miklum meirihluta en stjórnsýslu- og hagfræðingum hefur fjölgað mest á síðustu árum.

Hlutfall háskólamenntaðs starfsfólks

	2004	2005	2006
Allt starfsfólk	80%	81,6%	80,9%
Starfsfólk við endurskoðun	95%	97,5%	97,5%

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að starfsfólk stofnunarinnar viðhaldi og efli þekkingu sína með símenntun og er gert ráð fyrir að sérfræðingar hennar verji að meðaltali 40 klukkustundum árlega til þessa. Á undanförunum árum hefur þessi tímafjöldi farið vel yfir þau mörk og var um 45 klst. á hvern sérfræðing árið 2006 miðað við 70 klst. árið 2005. Árið 2006 varði stofnunin alls 9,2 m.kr. til starfsþróunar og endurmenntunar, þ.e. um 2,5% af heildargjöldum stofnunarinnar. Sambærilegar tölur fyrir árið 2005 voru 14,2 m.kr. (4,1%).

Hlutfall fastráðins starfsfólks með a.m.k. þriggja ára starfsreynslu hjá stofnuninni hefur að jafnaði verið um 80% undanfarin ár og var 80,9% árið 2006. Meðalstarfsaldur þess hjá stofnuninni hefur hins vegar hækkað jafnt og þétt með ári hverju og var 11,5 ár árið 2006 miðað við 10,8 ár árið 2005 og 9,6 ár árið 2003.

Hlutfall starfsfólks með a.m.k. þriggja ára starfsreynslu hjá Ríkisendurskoðun

31.12. 2004	31.12. 2005	31.12.2006
78,7%	83,7%	80,9%

Hátt hlutfall starfsfólks með langa starfsreynslu hefur augljóslega bæði kosti og galla. Annars vegar má telja það jákvæða vísbendingu um stöðugleika á vinnustað, þ.e. tryggð starfsfólks við stofnun eða fyrirtæki, almenna ánægju þess með starfsumhverfið og starfsandann og áhuga þess og þekkingu á viðfangsefnum sínum. Lítil starfsmannavelta sparar auk þess verulega fjármuni, bæði vegna ráðningar og þjálfunar nýs starfsfólks og þeirrar þekkingar sem glatast þegar reynt starfsfólk lætur af störfum. Stundum er talið að beinn og óbeinn kostnaður við að missa starfsmann og ráða nýjan í hans stað svari til um það bil einna árslauna.

Lítil starfsmannavelta er engu að síður varhugaverð þar sem hún kemur í veg fyrir eðlilega og nauðsynlega endurnýjun starfsfólks og vari hún lengi getur hún valdið skyndilegum umskiptum. Eins og fram hefur komið var starfsmannavelta 14,9% árið 2006. Þetta er



Álfheiður D. Gunnarsdóttir, Kristjana Ó. Sigurðardóttir og Árni Sigurðsson hressa sig á kaffi

nokkuð hærra hlutfall en árið 2005 þegar það var 10,2% og mun hærra en árin þar á undan þegar starfsmannavelta var lítil sem engin. Þetta er hins vegar í takt við almennt ástand á íslenskum vinnumarkaði. Árið 2005 mun starfsmannavelta íslenskra fyrirtækja almennt hafa verið um 14,2%.

Bæði hér á landi og annars staðar hafa veikindafjarvistir starfsfólks aukist talsvert á undanförunum árum. Að nokkru leyti hafa þær verið raktar til vinnuumhverfisins þar sem miklar kröfur eru gerðar til starfsfólks og vinnuframlag þess hefur mikil áhrif á starfsframa. Við slík skilyrði eykst bæði hætta á andlegum og líkamlegum veikindum. Samkvæmt nýlegri athugun voru starfsmenn íslenskra fyrirtækja að meðaltali frá vinnu vegna veikinda og slysa í 9,8 daga árið 2005 og hafði veikindadögum þá fjölgað um 1,5 dag frá 2004. Almennt mun vera meira um veikindafjarvistir meðal opinberra starfsmanna en þeirra sem starfa í einkageiranum.

Á undanförunum árum hefur starfsfólk Ríkisendurskoðunar að jafnaði verið frá vinnu vegna eigin veikinda og veikinda barna sinna í um 6 daga á ári. Árið 2006 urðu veikindadagar að meðaltali 6,5 miðað við 5,5 daga árið 2005 þegar afar lítið var um veikindi. Sem hlutfall allra vinnudaga ársins fjölgaði veikindafjarvistum úr 2,4% árið 2005 í 2,9%. Sambærilegt hlutfall meðal íslenskra fyrirtækja var 4,3% árið 2005.

Fjöldi veikindadaga á starfsmann

	2004	2005	2006
Eigin veikindi	5,0	4,4	5,5
Veikindi barna	1,9	1,1	1,0
Samtals	6,9	5,5	6,5

Fjármál

Ríkisendurskoðun stefnir að því að rekstur stofnunarinnar sé innan fjárheimilda og að störf séu unnin á hagkvæman hátt.

Á árinu 2006 skilaði Ríkisendurskoðun tæplega 20 m.kr. rekstrarafgangi miðað við 18 m.kr. rekstrarafgang árið 2005. Fjárhagslega er staða stofnunarinnar því nokkuð trygg.

Uppsafnaðar fjárheimildir í m.kr.

Ár	Staða í ársbyrjun	Afgangur (halli)	Staða í árslok
2004	-15,3	16,4	1,1
2005	1,1	18,1	19,2
2006	19,2	19,6	38,8

Til að meta hagkvæmni í rekstri hefur Ríkisendurskoðun tekið saman þann kostnað sem hlýst annars vegar af þjónustu starfsmanna stofnunarinnar og hins vegar af aðkeyptri þjónustu. Samantektin nær yfir þrjú ár og tekur eingöngu til fjárhagsendurskoðunar þar sem aðkeypt þjónusta stofnunarinnar er að stærstum hluta á því sviði. Niðurstöðurnar benda ótvírætt til þess að kostnaður við starfsemina sé vel innan eðlilegra hagkvæmnismarka.

Meðalkostnaður á klst. við fjárhagsendurskoðun án vsk.

Ár	Aðkeypt þjónusta	Ríkisendurskoðun	Munur (%)
2004	7.313	5.104	2.209 (43,3%)
2005	7.789	5.646	2.143 (39,0%)
2006	8.558	6.001	2.557 (42,6%)



Starfsfólk Ríkisendurskoðunar í skoðunarferð

Starfsfólk 31. desember 2006

Ríkisendurskoðandi

Sigurður Þórðarson
löggiltur endurskoðandi

Skrifstofa ríkisendurskoðanda

Brynja Baldursdóttir *deildarfulltrúi*
Jón L. Björnsson *skrifstofustjóri,*
viðskiptafræðingur
Kristinn Hermannsson MSc, *hagfræðingur*
Pétur Vilhjálmsson MPA, *stjórnsýslu-*
fræðingur
Þórir Óskarsson *íslenskufræðingur*

Endurskoðunarsvið I—II

Sveinn Arason *skrifstofustjóri,*
löggiltur endurskoðandi
Sigurjón I. Haraldsson *skrifstofustjóri,*
viðskiptafræðingur
Auður Guðjónsdóttir *viðskiptafræðingur*
Álfheiður Dögg Gunnarsdóttir
viðskiptafræðingur
Árni Sigurðsson *viðskiptafræðingur*
Brynja Pétursdóttir *löggiltur endurskoðandi*
Einar Þorgilsson *viðskiptafræðingur*
Grétar Bjarni Guðjónsson BBA, MBA
Helgi Guðmundsson *hagfræðingur*
Kristbjörg H. Sigtryggsdóttir
viðskiptafræðingur
Kristjana Ó. Sigurðardóttir
löggiltur endurskoðandi
Margrét Ólafsdóttir *deildarsérfræðingur*
Ólafur E. Sigurðsson *viðskiptafræðingur*
Óskar Sverrisson *löggiltur endurskoðandi*
Sigurgeir Bóasson *löggiltur endurskoðandi*
Stefanía S. Bjarnadóttir *viðskiptafræðingur*
Sveinbjörn Óskarsson *viðskiptafræðingur*
Telma Herbertsdóttir *viðskiptafræðingur*
Viðar H. Jónsson *viðskiptafræðingur*
Þorbjörg Guðnadóttir *viðskiptafræðingur*

Stjórnsýslusvið

Óli Jón Jónsson *skrifstofustjóri, MEP,*
stjórn málafræðingur
Ingunn Ólafsdóttir EMPA, *stjórnsýslu-*
fræðingur
Margrét E. Arnórsdóttir *viðskiptafræðingur*
Snorri Gunnarsson *hagfræðingur*
Soffía Waag Árnadóttir MPA, *stjórnsýslu-*
fræðingur
Steinunn Halldórsdóttir EMPA, *stjórnsýslu-*
fræðingur

Innra eftirlit og innri endurskoðun

Ingi K. Magnússon *skrifstofustjóri,*
viðskiptafræðingur, CIA, CGAP
Guðbrandur R. Leósson *viðskiptafræðingur*
Hilmar Þórisson *viðskiptafræðingur*
Hrafnhildur Óskarsdóttir
viðskiptafræðingur

Laga- og umhverfissvið

Lárus Ögmundsson *skrifstofustjóri,*
lögfræðingur
Ketill Sigurjónsson *lögfræðingur*
Linda Sigurðardóttir *fulltrúi*

Endurskoðun upplýsingakerfa

Albert Ólafsson *skrifstofustjóri,*
viðskiptafræðingur, CISA, CIA
Geir Gunnlaugsson *viðskiptafræðingur*

Skrifstofu- og þjónustusvið

Eypór Borgþórsson *starfsmannastjóri*
Ásdís Hauksdóttir *fulltrúi*
Elín Ingadóttir *skjalavörður*
Hólmfriður Kristinsdóttir *matráðskona*
María Bjargmundsdóttir *ritari*
Sigurður Þorvaldsson *sendill, matráðsmaður*

Opinberar skýrslur árið 2006

Skýrslur

1. Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni. Umhverfisendurskoðun (janúar)
2. Verkmenntaskóli Austurlands. Fjármál og rekstur 2002–2005 (janúar)
3. Athugasemdir vegna nýrra gagna um sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum (mars)
4. Hvalfjarðargöngin og Sundabraut. Mat á kostum og göllum einkaframkvæmdar (júlí)
5. Framkvæmd fjárlaga árið 2005 (ágúst)
6. Breyting ríkisaðila í hlutafélag (september)
7. Umhverfisstofnun. Stjórnsýsluúttekt (september)
8. Ríkislögreglustjóri. Stjórnsýsluúttekt (október)
9. Íbúðalánasjóður. Fjárhagsstaða (október)
10. Endurskoðun ríkisreiknings 2005 (október)

Önnur rit

1. Ársskýrsla Ríkisendurskoðunar 2005 (febrúar)
2. Annual Report 2005 (febrúar)
3. Vísendingar um fjármálamisferli (maí)



Ársreikningur 2006

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Ríkisendurskoðun er stofnun Alþingis og starfar samkvæmt lögum nr. 86/1997. Meginhlutverk hennar er að annast endurskoðun hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum og öðrum sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Þá skal stofnunin annast endurskoðun hjá fyrirtækjum sem rekin eru á ábyrgð ríkisins og fyrirtækjum sem ríkissjóður á að hálfu eða meira. Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga og getur framkvæmt stjórnáskilendurskoðun hjá þeim aðilum sem henni ber lögum samkvæmt að endurskoða.

Á árinu 2006 varð 19.596 þús. kr. tekjuafgangur af rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 46.755 þús. kr., skuldir 7.976 þús. kr. og eigið fé nam 38.779 þús. kr. í árslok 2006.

Ríkisendurskoðandi og skrifstofustjóri staðfesta ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. febrúar 2007.



Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.



Sveinn Arason,
skrifstofustjóri.

Áritun endurskoðanda

Til forsætisnefndar Alþingis

Ég hef endurskoðað ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisendurskoðunar á árinu 2006, efnahag 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Reykjavík, 28. febrúar 2007.



Gunnar Sigurðsson,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2006

Tekjur	Skýr.	2006	2005
Seld þjónusta		27.816.649	32.425.336
Eignasala		1.002.500	0
Aðrar tekjur		10.125	1.273.950
	1	28.829.274	33.699.286
 Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	300.805.547	291.686.070
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	9.175.051	11.550.501
Funda- og ferðakostnaður	4	13.384.622	9.927.698
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	5	40.514.137	35.049.455
Rekstur tækja og áhalda	6	2.066.837	1.782.198
Annar rekstrarkostnaður	7	3.094.697	2.590.617
Húsnæðiskostnaður	8	22.992.400	19.299.275
Bifreiðarekstur	9	396.046	594.667
Tilfærslur	10	1.698.500	550.000
		394.127.837	373.030.481
Eignakaup	11	8.205.489	2.611.564
		402.333.326	375.642.045
 Tekjuhalli fyrir ríkisframlag		 (373.504.052)	 (341.942.759)
Ríkisframlag		393.100.000	360.000.000
 Tekjuafgangur ársins		 19.595.948	 18.057.241

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

	Skýr.	2006	2005
Eignir			
Veltufjármunir			
Ríkissjóður	12	37.781.856	18.227.856
Viðskiptakröfur		8.662.200	6.053.665
Fyrirframgreiðslur		0	184.080
Handbært fé		311.021	217.479
		<u>46.755.077</u>	<u>24.683.080</u>
Eignir alls		<u>46.755.077</u>	<u>24.683.080</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
<i>Höfuðstóll:</i>			
Höfuðstóll í ársbyrjun		19.183.238	1.125.997
Tekjuafgangur ársins		19.595.948	18.057.241
Höfuðstóll	13	<u>38.779.186</u>	<u>19.183.238</u>
Eigið fé		<u>38.779.186</u>	<u>19.183.238</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		7.975.891	5.499.842
Skuldir		<u>7.975.891</u>	<u>5.499.842</u>
Eigið fé og skuldir		<u>46.755.077</u>	<u>24.683.080</u>

Sjóðstreymi árið 2006

	Skýr.	2006	2005
Rekstrarhreyfingar			
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Tekjuafgangur.....		19.595.948	18.057.241
		<u>19.595.948</u>	<u>18.057.241</u>
<i>Veltufé frá rekstri</i>			
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun).....	(2.424.455)	(358.782)
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun.....		2.476.049	(2.727.161)
		<u>51.594</u>	<u>(3.085.943)</u>
Handbært fé frá rekstri		19.647.542	14.971.298
Fjármögnunarhreyfingar			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs.....	(393.100.000)	(360.000.000)
Greitt úr ríkissjóði.....		373.546.000	345.013.509
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(19.554.000)</u>	<u>(14.986.491)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		93.542	(15.193)
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>217.479</u>	<u>232.672</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>311.021</u>	<u>217.479</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Ríkisendurskoðunar er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 144/1994, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekjuskatta.

Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast stofnuninni.

Starfsþáttgreining

Í skýringum er rekstri stofnunarinnar skipt í verkefnum sem falla að skipulagi hennar.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Handbært fé

Stofnunin heldur engan sjóð en á innstæðu á bankareikningi.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Skýringar

Bókhald og fjárvarsla

Fjársýslu ríkisins hefur verið falið að annast launavinnslu, bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir stofnunina.

Fjárheimildir og rekstur

Fjárlög fyrir árið 2006 gerðu ráð fyrir svipaðri starfsemi og árið á undan. Þó ber að geta þess að sérstakt 6.000 þús. kr. framlag var til að standa undir kostnaði við stjórnarfund samtaka evrópskra ríkisendurskoðunarstofnana, EUROSAI. Sérstök 3.000 þús. kr. fjárveiting var einnig vegna endurnýjunar á bifreið stofnunarinnar. Fjárveitingar á fjárlögum til Ríkisendurskoðunar námu samtals 393.700 þús. kr. Áhrif laga vegna launaákvörðunar kjaradóms á árinu 2005 leiddi til 1.700 þús. kr. lækkunar á launalið á árinu 2006. Á fjárukalögum var stofnuninni veitt 1.100 þús. kr. fjárheimild vegna breytinga á launaforsendum fjárlaga. Í heild námu fjárheimildir ársins 2006 því 393.100 þús. kr.

Rekstrargjöld, að frádragnum sértekjum, námu samtals 373.358 þús. kr. og urðu því 19.742 þús. kr. innan fjárheimilda ársins. Sundurliðun er sem hér greinir:

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Sértekjur	(20.100)	(20.100)	(28.829)	8.729
Laun og launatengd gjöld	311.300	310.700	300.806	9.894
Önnur rekstrargjöld	95.300	95.300	91.624	3.676
Tilfærslur	0	0	1.699	(1.699)
	<u>386.500</u>	<u>385.900</u>	<u>365.299</u>	<u>20.601</u>
Stofnkostnaður	7.200	7.200	8.205	(1.005)
	<u>393.700</u>	<u>393.100</u>	<u>373.504</u>	<u>19.596</u>

Sundurliðun eftir viðfangsefnum í þús. kr.:

	2006	2005
Sértekjur	(28.829)	(33.699)
101 Ríkisendurskoðun	394.128	373.030
601 Stofnkostnaður	8.205	2.612
	<u>373.504</u>	<u>341.943</u>

Starfspáttagreining

Rekstrarreikningur sundurliðaður eftir sviðum:

Yfirstjórn	26.279	22.226
Endurskoðunarsvið	192.653	192.856
Stjórnsýslusvið	128.062	101.557
Lögfræði- og umhverfissvið	26.510	25.304
	<u>373.504</u>	<u>341.943</u>

Skýringar

Sundurliðanir

1. Sértekjur

Sértekjur stofnunarinnar felast að mestu í seldri endurskoðunarþjónustu til ríkisfyrirtækja. Nokkur lækkun varð á seldri þjónustu og má rekja hana til sölu á Landssíma Íslands hf. en stofnunin annaðist endurskoðun hjá félaginu. Bifreið stofnunarinnar var seld á árinu.

	2006	2005
Seld sérfræðiþjónusta	27.816.649	32.425.336
Seld bifreið	1.002.500	0
Endurgreiddur ferðakostnaður og aðrar tekjur	10.125	1.273.950
	<u>28.829.274</u>	<u>33.699.286</u>

2. Laun og launatengd gjöld

Laun- og launatengd gjöld hækkðu milli ára um 9.119 þús. kr. eða 3,1%. Í árslok 2006 var fjöldi starfsmanna Ríkisendurskoðunar 47 og hafði fækkað um tvo á árinu. Ársverk fastráðinna starfsmanna á árinu 2006 að teknu tilliti til umsaminnar yfirvinnu voru tæp 49 sem er sami fjöldi og á fyrra ári. Á árinu 2005 var gerður nýr kjarasamningur við Starfsmannafélag Ríkisendurskoðunar. Samkvæmt kjarasamningnum ásamt öðrum breytingum á launum var það metið svo að heildaráhrif launahækkunarinnar væru um 6,5%. Í maí 2006 tók gildi nýr stofnanasamningur með nýrri launatöflu. Áfallið orlof er ekki reiknað eða fært upp í ársreikninginn.

Dagvinna	208.183.903	184.748.491
Yfirvinna	2.014.800	2.475.796
Aukagreiðslur	38.161.462	53.773.305
Önnur laun og starfstengdar greiðslur	1.435.000	1.379.000
Launatengd gjöld	51.010.382	49.309.478
	<u>300.805.547</u>	<u>291.686.070</u>

3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Undir þennan lið fellur kostnaður sem tengdur er skrifstofuhaldi stofnunarinnar. Í heild nam kostnaðurinn 9.175 þús. kr. og lækkaði frá fyrra ári um 2.375 þús. kr. eða 20,6%. Lækkun á kostnaði við kaup á tímaritum má rekja til þess að fækkað hefur áskriftum að tímaritum. Lækkun á afnotagjöldum má rekja til kaupa á notendaleyfum á hugbúnaði á árinu 2005.

Tímarit, blöð og bækur	1.019.452	1.294.964
Auglýsingar og kynningar	672.116	209.703
Símagjöld	1.747.815	2.070.870
Burðargjöld	200.243	311.719
Útgáfustarfsemi	2.464.248	2.450.433
Afnotagjöld	1.309.427	3.333.628
Skrifstofuvörur	1.218.531	1.276.468
Gjafir	543.219	602.716
	<u>9.175.051</u>	<u>11.550.501</u>

Skýringar

4. Funda- og ferðakostnaður

Á árinu 2006 varð um 3.457 þús. kr. hækkun á þessum kostnaðarlið. Ástæður þessa má að mestu rekja til 2.167 þús. kr. hærri kostnaðar vegna ferða til útlanda og kostnaðar við komu erlendra sérfræðinga til stofnunarinnar. Þá kemur til 977 þús. kr. aukinn kostnaður vegna móttöku erlendra gesta stofnunarinnar ásamt 563 þús. kr. aukningu á akstri. Á móti lækka námskeiðsgjöld um 969 þús. kr.

	2006	2005
Ferða- og dvalarkostnaður innanlands	852.019	481.750
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis	5.142.879	2.975.648
Funda- og ráðstefnugjöld	309.363	59.548
Námskeiðsgjöld	865.325	1.834.091
Félagsgjöld	593.553	495.244
Risna	3.137.042	2.159.557
Akstur	2.484.441	1.921.860
	<u>13.384.622</u>	<u>9.927.698</u>

5. Aðkeypt sérfræðiþjónusta

Í heild jókst kostnaður við aðkeypta sérfræðiþjónustu um 5.465 þús. kr. eða 15,6%. Á árinu 2006 voru í gildi samningar við 14 endurskoðunarstofur um endurskoðun hjá 46 A-hluta ríkisstofnunum. Kostnaður við kaup á endurskoðunarþjónustu á árinu 2006 varð um 30.600 þús. kr.

Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	1.326.252	1.967.966
Önnur sérfræðiþjónusta	1.412.550	135.925
Sérfræðiþjónusta	37.775.335	32.945.564
	<u>40.514.137</u>	<u>35.049.455</u>

6. Rekstur tækja og áhald

Undir þennan lið fellur rekstur á ljósritunarvélum, tölvum og öðrum skrifstofubúnaði. Hækkun milli ára nam 285 þús. kr. eða 16,0%. Hækkun leigugjalda tækja var vegna fundar EUROSAL.

Smátæki og áhöld	722.227	770.259
Viðgerðir og viðhald	704.170	771.509
Varahlutir og viðhaldsvörur	131.960	170.550
Leigugjöld tækja og áhald	508.480	40.000
Uppsetning á netbúnaði	0	29.880
	<u>2.066.837</u>	<u>1.782.198</u>

Skýringar

7. Annar rekstrarkostnaður

Þessi liður tekur yfir ýmsan rekstrarkostnað. Aukning milli ára nam 504 þús. kr. eða 19,5% og má að mestu rekja til aukningar á keyptum máltíðum vegna gesta sem borðuðu í mötuneyti stofnunarinnar og hækkunar á opinberum gjöldum, tryggingum og vaxtagjöldum.

	2006	2005
Máltíðir	2.029.238	1.793.289
Rekstrarvörur	330.881	330.379
Ýmis þjónustugjöld	168.265	89.315
Opinber gjöld og tryggingar	566.313	377.634
	<u>3.094.697</u>	<u>2.590.617</u>

8. Húsnæðiskostnaður

Stofnunin er með aðsetur að Skúlagötu 57 og hefur allt húsið fyrir starfsemi sína. Húsnæðið er í eigu ríkissjóðs og greiðir stofnunin húsaleigu fyrir afnotin. Í heild jókst húsnæðiskostnaður um 3.693 þús. kr. eða 19,1%. Aukningin skýrist af hækkun leigugjalda og því að frá október 2005 hefur ræsting húsnæðis verið keypt af verktaka en var áður unnin af starfsmanni stofnunarinnar.

Leigugjöld	17.702.116	16.891.860
Orka	1.218.417	1.139.348
Viðhald fasteigna	10.283	10.963
Búnaður til innréttinga	105.840	2.000
Þrif og sorphirða	3.649.151	965.569
Annar húsnæðiskostnaður	306.593	234.180
Öryggisgæsla	0	55.355
	<u>22.992.400</u>	<u>19.299.275</u>

9. Bifreiðakostnaður

Stofnunin á eina bifreið af gerðinni Land Cruiser árgerð 2006. Bifreiðin var endurnýjuð í júní 2006.

Bensín og olía	203.007	86.703
Opinber gjöld og tryggingar	87.504	173.352
Viðgerðir og viðhald	105.535	334.612
	<u>396.046</u>	<u>594.667</u>

10. Tilfærslur

Árlega greiðir stofnunin framlag til starfsmannafélags stofnunarinnar í samræmi við ákvæði kjarasamninga og samkomulags félagsins við stofnunina.

Skýringar

11. Eignakaup

Eignakaup stofnunarinnar á árinu 2006 voru að stærstum hluta endurnýjun á bifreið stofnunarinnar og kaup á skrifstofuhúsgögnum en að öðru leyti var um eðlilega endurnýjun á tölum og tölvubúnaði.

	2006	2005
Tölvubúnaður	2.252.751	2.457.175
Húsgögn	549.191	92.673
Bifreið	5.203.547	0
Önnur tæki, búnaður og listaverk	200.000	61.716
	<u>8.205.489</u>	<u>2.611.564</u>

Annað

12. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2006 nam inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði 37.757 þús. kr. og hafði batnað um 19.529 þús. kr. á árinu.

Staða 1. janúar 2006	18.227.856
Ríkisframlag	393.100.000
Greiðslur	(389.260.610)
Millifærslur	15.714.610
Staða 31. desember 2006	<u>37.781.856</u>

13. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluáðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2006 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar ónotaða fjárheimild að fjárhæð 38.779 þús. kr. og hafði staðan batnað um 19.596 þús. kr. frá árinu á undan.

Höfuðstóll

Höfuðstóll 1. janúar 2006	19.183.238
Ríkisframlag	393.100.000
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag	(373.504.052)
Höfuðstóll 31. desember 2006	<u>38.779.186</u>

Skýringar

Kennitölur

Verkefnavísar

	2006	2005	2004	2003	2002
Áritaðir ársreikningar	337	344	357	370	328
Endurskoðunarbréf	241	238	259	274	269
Stjórnsýsluúttektir	4	8	10	9	7
Aðrar skýrslur	18	11	15	16	8
Rit	1	0	0	2	1

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2006	2005	2004	2003	2002
Rekstur					
Rekstrartekjur	28.829	33.699	36.666	39.638	40.149
Rekstrargjöld	(394.128)	(373.030)	(339.016)	(343.897)	(293.021)
Stofnkostnaður	(8.205)	(2.612)	0	(23.095)	(11.756)
Tekjuafgangur	(373.504)	(341.943)	(302.350)	(327.354)	(264.628)
Ríkisframlag	393.100	360.000	318.800	284.400	245.500
Tekjuafgangur ársins	<u>19.596</u>	<u>18.057</u>	<u>16.450</u>	<u>(42.954)</u>	<u>(19.128)</u>
Efnahagur					
Veltufjármunir	46.755	24.683	3.474	12.883	33.097
Eignir alls	<u>46.755</u>	<u>24.683</u>	<u>3.474</u>	<u>12.883</u>	<u>33.097</u>
Höfuðstóll	38.779	19.183	1.126	(15.324)	27.631
Skammtímaskuldir	7.976	5.500	0	28.207	5.466
Eigið fé og skuldir alls	<u>46.755</u>	<u>24.683</u>	<u>1.126</u>	<u>12.883</u>	<u>33.097</u>



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, Pósthólf 5350, 125 Reykjavík
Sími: 561 4121; Bréfasími: 562 4546
Netfang: postur@rikisend.is
Heimasíða: www.rikisendurskodun.is